



Borgarráð

Leirtjörn vestur - Samtök aldraðra - Vilyrði

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Byggingarsamvinnufélaginu Samtök aldraðra, kt. 580377-0339, Síðumúla 29, 108 Reykjavík, vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 50 íbúðum við Leirvogstjörn vestur í Úlfarsárdal. Lóðarvilyrði þetta verður bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Að deiliskipulag um lóðina fáist samþykkt fyrir lok árs 2024.
2. Að umræddur fjöldi íbúða rúmist innan stakstæðra bygginga samkvæmt deiliskipulagi svæðisins.
3. Leigufélag aldraðra skuldbindur sig til að framselja Félagsbústöðum hf. 20% íbúða á kostnaðarverði.

Greinagerð:

Við Leirtjörn vestur í Úlfarsárdal er gert ráð fyrir allt 300 íbúðum fyrir eldri borgara.

Lóðarvilyrði þetta gerir ráð fyrir að Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra fái byggingarrétt fyrir allt að 50 íbúðir. Félagið og Félagsbústaðir hf. munu gera með sér sérstakan samning um kaupin. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatnagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara